

5. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 18. október 2007 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, 67. mál, heildarlög.

Í 1. mgr. 4. gr segir að krafa vegna verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki fyrnist á 20 árum frá þeim degi er verðmætin voru lögð inn. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu er það nefnt sem dæmi þegar fjármálafyrirtæki tekur verðbréf til varðveislu með þeim skilmála að skila síðar eiganda sambærilegum verðbréfum (depositum irregulare). Seðlabankinn telur ekki ljóst hvort fyrningarregla 1. mgr. 4. gr. taki einnig til verðbréfalána (securities lending) en með því er átt við að verðbréf eru yfirfærð tímabundið frá einum aðila til annars, þ.e. frá lánveitanda til lántaka, gegn þóknun á grundvelli samnings, eða hvort annar fyrningartími eigi að gilda um slík lán.

Í 1. mgr. 5.gr. segir að kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnist á 10 árum. Í lögum nr. 131/1997 er fjallað um rafræna útgáfu verðbréfa og er hún eingöngu heimil í verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur til þess starfsleyfi viðskiptaráðuneytisins. Hugtakið verðbréf er síðan skilgreint í lögum nr. 108/2007. Til verðbréfa í skilningi laganna teljast þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði. Mikil þróun á sér stað á fjármagnsmarkaði og sífellt líta nýjar afurðir dagsins ljós. Þannig geta samkvæmt skilgreiningu verðbréfalaga ákveðnar tegundir afleiðna fallið undir hugtakið verðbréf svo framarlega sem þær eru framseljanlegar og hægt er að eiga viðskipti með þær á fjármagnsmarkaði. Vaknar þá spurning hvort verið sé að mismuna kröfum eftir því hvernig skráningu þeirra er háttað, því ekki er sjálfgefið að allar verðbréfakröfur sem eru af sömu tegund séu rafrænt skráðar í verðbréfamiðstöð. Kröfur af sömu tegund verðbréfa geta því verið með mismunandi fyrningarfrest eftir því hvort þær eru skráðar rafrænni skráningu eða ekki. Það fær naumast staðist.

Seðlabanki Íslands styður samþykkt frumvarpsins að öðru leyti og telur eðlilegt að lögfest sé sú aðalregla um fyrningu, sem hefur í raun gilt, þ.e. 4 ár.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur